Alþýðusamband Íslands

Áhrif mismunandi leiða í kjarabaráttu

Hann hefur væntanlega ekki farið framhjá neinum yfir hátíðarnar sá ágreiningur sem er milli mín og Vilhjálms Birgissonar (og þeirra sem hann er talsmaður fyrir) varðandi þær leiðir í kjarabaráttunni sem verkalýðshreyfingin og launafólk stendur frammi fyrir. Í rauninni má segja að þetta sé val milli langtímauppbyggingar lífskjara á grundvelli stöðugleika og aukinnar framleiðni eða skammtímalausna þar sem sækja á meiri launahækkanir með verkfallsátökum ef með þarf. Að baki þessu liggur hins vegar spurningin hvort verkalýðshreyfingin eigi, megi eða þurfi að hafa einhverjar áhyggjur af því hvaða áhrif launahækkanir hafa á afkomu fyrirtækja og hins opinbera eða hagkerfið í heild sinni. Hinn kaldi veruleiki er að laun eru lang stærsta einstaka efnahagsstærðin – um 2/3 af landsframleiðslu – og því óhjákvæmilegt að launahækkanir hafi umtalsverð áhrif á hagkerfi landsins.

En hver eru þessi áhrif og hvernig koma þau fram? Í fyrstu umferð leiðir hækkun launa til þess að kostnaðarstig fyrirtækjanna hækkar. Ef sú hækkun er umfram það sem hægt er að mæta með eðlilegri hagræðingu og aukinni framleiðni, eru líkur á því að þau fyrirtæki sem það geta, velti kostnaðaraukanum yfir á sína viðskiptavini. Í annarri umferð lenda þau fyrirtæki sem hafa ekki fyrrnefndan möguleika, eins og fyrirtæki í útflutningi eða í samkeppni við innfluttar vörur, í rekstrar- og afkomuvanda vegna minnkandi sölu sem þau verða að bregðast við með harkalegri hagræðingaraðgerðum í formi uppsagna o.fl. Á endanum bresta forsendur gengisskráningar og gjaldmiðill viðkomandi lands fellur.

Ef við setjum annars vegar þær launahækkanir sem samið var um 21. desember sl. (2,8% almenn hækkun auk 0,35% í sértæka láglaunaaðgerð, samtals 3,15% og 0,75% vegna starfsaldurs) og þær hækkanir sem m.a. Vilhjálmur Birgisson var talsmaður fyrir (13% og 0,75% vegna starfsaldurs) inn í einfalt verðbólgu-spálíkan, þar sem gengið er út frá þeirri forsendu að umræddar launahækkanir hafi svipuð áhrif á samkeppnisstöðu útflutningsgreinanna og gengið látið falla í samræmi við það, má sjá mismuninn á þessum leiðum.



Niðurstaða kjarasamninga raskar ekki samkeppnisstöðu útflutningsgreinanna og því ekki ástæða til þess að ætla að gengi íslensku krónunnar raskist við þá. Gangi það eftir má búast við því að 12 mánaða verðbólgutakur lækki strax í febrúar nk. niður undir verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands (sjá mynd 1) þannig að í lok samningstímans verði kaupmáttur ríflega 1-1,5% hærri en nú í desember.



Ljóst er hins vegar, að gengi íslensku krónunnar myndi ekki standa af sér 13-15% launahækkun ef hin leiðin hefði verið farin. Því hefði farið í gang hefðbundin víxlverkun gengis, launa og verðlags með þeim afleiðingum að verðbólgan gæti farið í allt að 14%. Það þýddi að í lok samningstímans væri kaupmáttur svipaður eða lægri en hann er nú en verðbólgan í hæstu hæðum með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir hag okkar félaga í formi hækkunar á vöxtum og aukinnar skuldsetningar almennings vegna verðtryggingar sem ekki er tekið tillit til í þessum útreikningum.

Ef leið hóflegra launahækkana með varanlegum kaupmáttarávinningi sem byggir á aukinni framleiðni er farin, líkt og á hinum Norðurlöndunum, munu lífskjör batna ár eftir ár þannig að á 20 árum mun kaupmáttur launa vaxa um 35%. Ef leið óþolinmæðinnar er farin eru allar líkur á því að eftir 20 ár verðum við nokkurn vegin í sömu sporunum nema hvað við höfum glatað tveimur áratugum. Ólíklegt er þó að börnin okkar hafi þolinmæði til að bíða eftir þessu og einfaldlega finni sér búsetu í löndum þar sem fyrri leiðin stendur þeim til boða.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ